

# Vinna yfir árið, skil í ePortfolio, mæting í fræðslu og skil við upphaf og lok árs

## Upphafsgátlisti

Passið vel upp á að skila gátlista við upphaf árs, eftir um það bil þrjár vikur í starfi á Landspítala og/eða Sjúkrahúsinu á Akureyri. Ef námslæknir fer bæði á LSH og SAK, þarf að skila sitt hvorum listanum, þar sem svarað er fyrir viðkomandi stofnun.

## ePortfolio

Sérnámsgrunnslæknar þurfa að passa vel upp á að safna gögnum inn í ePortfolio-svæðið sitt jafnt og þétt yfir árið. Ef misbrestur er á þessu, má reikna með að lengja þurfið sérnámsgrunnsárið.

### **ePortfolio-kerfið – mikilvægi á jöfnum skilum yfir árið**

ATHUGIÐ að á hverju 2ja mánaða tímabili á sérnámsgrunnsárinu er reiknað með að námslæknir safni (sendi út beiðnir) að lágmarki: 2 MCR frá sérfræðilæknum og 2 - 4 vinnutengdum matsblöðum (MiniCEX, CbD eða DOPS). Á sama hátt þarf að skila matsblöðum jafnt og þétt á heilsugæsluhlutanum. Ef því tímabili er skipt á milli tveggja heilsugæslustöðva þarf að ljúka u.þ.b. helmingnum af tilskyldum matsblöðum á hvorri stöð fyrir sig.

***Það má reikna með að lengja þurfi sérnámsgrunnsárið ef misbrestur er á þessu.***

Hafa skal í huga að ljúka þarf öllu sem við kemur ePortfolio-inu skv. gátlista fyrir viðurkenningu á lokum sérnámsgrunns u.þ.b. mánuði áður en árinu lýkur skv. námsblokk. Þá þarf allt að vera komið þar inn sem mögulega er hægt að ganga frá samkvæmt gátlistanum. Það eina sem gæti þurft að vera útistandandi, er t.d. staðfesting á tímabili frá heilsugæslu (ef sérnámsgrunnslæknirinn lýkur árinu þar) eða annað sem ekki er hægt að skila fyrr en alveg við lok ársins. Þegar allt er komið skv. ofangreindu, þá sendið þið póst á yfirlækni sérnámsgrunns og óskið eftir því að fá senda staðfestingu á öllu sé lokið. Yfirlæknirinn mun fara yfir skilin í ePortfolio-inu, lista upp það sem eftir er (ef þörf er á því) og staðfesta að öllu hafi verið lokið.

Athugið að sérnámsgrunnslæknar þurfa að passa vel upp á að tilkynna ef lengja þarf námsárið vegna fjarvista og mun þá tímasetningin fyrir skil á ePortfolio-inu breytast í samræmi við það.

## Mæting í fræðslu sérnámsgrunnslækna

Mæta þarf vel í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna, sem venjulega fer fram síðdegis á miðvikudögum. Fundirnir eru auglýstir á facebookarsíðu sérnámsgrunnslækna í byrjun hverrar viku. Mæta þarf í a.m.k. 10 skipti og eru engar undantekningar gerðar á því. Athuga þarf að

fræðslan getur fallið niður með stuttum fyrirvara og er ekki í gangi yfir hásumartímann. Yfirlit sem sýna skil á gátlista og mætingu í fræðslu eru send annað slagið til sérnámsgrunnskna á meðan á árinu stendur.

### **Skil á LSH-síma og hleðslutæki**

Síma og hleðslutæki þarf að skila í móttökuna í Skaftahlíð 24 eða senda með innanhúspósti eða almennum pósti. Til þess að þetta lendi á réttum stað, þarf í öllum tilfellum að setja allt í umslag og merkja: Sigrún Ingimarsdóttir, menntadeild LSH, Skaftahlíð 24 (105 Reykjavík).

### **Lokagátlisti**

Gátlista fyrir lok sérnámsgrunns skal ekki skila fyrir en alveg við lok ársins (þegar 1 – 2 virkir dagar eru eftir af árinu), þar sem m.a. þarf að staðfesta að fjarvistir séu innan marka eða árið hafi verið lengt samkvæmt reglum um það. Þá þarf ePortfolio-ið að hafa verið staðfest, mæting í fræðslu að hafa náð a.m.k. 10 skiptum og farsími og hleðslutæki að hafa skilað sér í hús.

### **Vottorð um lok á sérnámsgrunni**

Staðfestingarskjal um lok á sérnámsgrunni verður sent í tölvupósti eftir að öllu ofangreindu hefur verið lokið, en þó ekki fyrir en fyrsta virka daginn eftir lok sérnámsgrunns skv. námsblokk. Ekki eru gerðar undantekningar á því. Þau sem fara fljótlega áfram í starf sem lækna/sérnámslækna á Landspítala sendi vottorðið á netfangið [mannaudsteymisernamslækna@landspitali.is](mailto:mannaudsteymisernamslækna@landspitali.is)

### **Almennt starfsleyfi lækna**

Ef almennt starfsleyfi hefur ekki enn verið afgreitt, þá þarf að skila sem fyrst inn umsókn til embættis landlæknis. Vottorð um lok á sérnámsgrunnsári skilist með umsókninni, ásamt öllum þeim gögnum sem óskað er eftir, sjá <https://island.is/starfsleyfi-heilbrigdisstarfsmanna>